

Minjaráð Austurlands
fundur 3. nóvember 2015
haldinn í fundarsal Austurbrúar, Vonarlandi Egilsstöðum

Mættir: Rúnar Leifsson, form. og minjavörður Austurlands, Þorvaldur P. Hjarðar, Erla Dóra Vogler, Skúli Björn Gunnarsson. Forföll boðuðu Vala Garðarsdóttir, Marinó Stefánsson og Elfa Hlín Pétursdóttir.

Dagskrá:

1. Hlutverk minjaráða og möguleikar
2. Frumvarp til laga um verndun náttúru- og menningarsögulegar minjar
3. Skráning og minjagildi eyðibýla/heiðabýla í fjórðungnum
4. Verndarsvæði í byggð

Rúnar setti fund kl. 10 og gengið var til dagskrár. Skúli Björn tók að sér að rita fundargerð.

1. Hlutverk minjaráða og möguleikar

Um þessar mundir er unnið að samningu reglugerðar með lögum um menningarminjar og í henni verður kveðið nánar á um hlutverk minjaráða og starf þeirra. Fyrir fundinum lá að koma með innlegg um hvað minjaráð ættu að gera sem hægt yrði að vinna með við samningu reglugerðar.

Þau atriði sem fundurinn leggur til að verði tekin inn í reglugerð eru eftirfarandi:

- a) Að skipunartími minjaráða sé fjögur ár.
- b) Að fundargerðir minjaráða séu aðgengilegar á heimasíðu Minjastofnunar
- c) Funda að lágmarki fjórum sinnum á ári.
- d) Fjalla um og gera tillögur um forgangsröðun á uppbyggingu, verndun og rannsóknnum á stöðum með menningarminjar
- e) Stuðla að fræðslu og umræðu um minjavernd í samráði við Minjastofnun
- f) Koma að stefnumörkun um verndun fornleifa og byggingararfs
- g) Beina því til sveitarfélaga að menningarminjar séu skráðar og funda með sveitarstjórnnum í þeim tilgangi.
- h) Gera tillögur um friðlýsingu eða skyndifriðun menningarminja
- i) Veita umsagnir um mál er varða menningarminjar á sínu minjasvæði ef að eftir því er óskað

Rætt um í tengslum við fræðslu að minjaráð gæti beint því til aðila, hvort heldur er opinberra aðila, einkaaðila eða frjálsra félagasamtaka, eins og ferðafélaga, að beina sjónum almennings að ákveðnum menningarminjum, með t.d. skipulögum gönguferðum á minjastaði.

Vakin er athygli á því að í lögum um menningarminjar er ekki kveðið á um að minjavörður sé starfandi á hverjum minjasvæði.

Minjaráð telur mikilvægt að þegar nýtt minjaráð tekur til starfa fari fram ákveðin fræðsla til fulltrúa í ráðinu og að þeir fái aðgang að þeim gögnum sem þeim er

gert að kynna sér. Einnig að búnað verði til vinnureglur og fundarsköp fyrir öll minjaráðin til að starfa eftir.

Fundarmenn sammála um að fræðsluhlutverkið sé eitt það mikilvægasta sem minjaráð geti tekið að sér, þ.e. að vekja athygli á menningarminjum og mikilvægi þeirra.

2. Frumvarp til laga um verndun náttúru- og menningarsögulegar minjar

Stuttlega rætt um þetta frumvarp sem er í ferli á Alþingi. Frumvarpið er lagt fram af umhverfis- og auðlindaráðherra en var unnið inni í forsætisráðuneytinu, þó ekki með aðkomu Minjastofnunar. Ljóst er að framkvæmd þessara laga mun að einhverju leyti snerta starfsemi minjaráða í framtíðinni.

3. Skráning og minjagildi eyðibýla/heiðarbýla í fjórðungnum

Þorvaldur sagði frá því að nú ætlaði Ferðafélag Fljótsdalshéraðs að fara í að endurnýja skilti við heiðarbýlin í Jökuldalsheiði. Rætt var um aukinn áhuga almennings og ferðamanna á menningarminjum og mikilvægi þess að þær væru skráðar og merktar. Rúnar minnti á að samráð þyrfti að hafa við Minjastofnun um allar slíkar merkingar sem komið er fyrir við menningarminjar.

4. Verndarsvæði í byggð

Stuttlega komið inn á stjórnarfrumvarp um verndarsvæði í byggð sem liggur nú fyrir Alþingi.

5. Önnur mál

Rúnar er að taka við starfi minjavarðar á Norðurlandi. Unnið er að ráðningu nýs minjavarðar fyrir Austurlands og gert ráð fyrir að nýr starfsmaður taki formlega til starfa í ársbyrjun 2016. Rúnar gerir samt ráð fyrir að koma á næsta fund minjaráðs með nýjum minjaverðum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12.

Rúnar Leifsson

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð

Erla Dóra Vogler

Þorvaldur P. Hjarðar